



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Öldungaráð

---

### ***Umsögn um skýrslu vöggustofunefndar á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og tillögu nefndarinnar um frekari athuganir***

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 10. mars 2022, að setja á stofn nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld undir eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Á fundi borgarráðs þann 12. október s.l. var samþykkt tillaga borgarstjóra um eftirfylgni á skýrslu nefndarinnar og var henni vísað til umsagnar velferðarráðs, umdæmisráðs barnaverndar, öldungaráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Öldungaráð þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um skýrslu vöggustofunefndar um starfsemi vöggustofa. Um afar vandaða vinnu nefndarinnar er að ræða sem fylgt er eftir með viðeigandi hætti og mikilvægt að tillögur skýrslunnar verði rýndar vandlega. Við lestur skýrslunnar er ljóst að þau börn sem dvöldu á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafi þurft að þola mikla vanrækslu og grimmd sem er ekkert annað en gróft ofbeldi. Markvisst var reynt að rjúfa mikilvæga tengslamyndun barna og foreldra og átakanlegt að vita að aðeins líkamlegum þörfum barnanna hafi verið sinnt og markvisst stuðlað að félagslegri einangrun þeirra frá umheiminum. Börnin voru að mestu látin afskiptalaus í rúmum sínum og starfsfólki refsað ef að þau sýndu börnunum umhyggju eða athygli.

Dapurlegt er að vita að rekstur vöggustofanna hafi farið fram með þessum hætti þrátt fyrir að víðtæk þekking hafi verið meðal fagfólks á mikilvægi persónulegra tengsla barna við foreldra sína eða aðra umönnunaraðila á fyrstu þremur árum ævinnar. Gögn benda til þess að Barnaverndarráð Reykjavíkur virðist lítið sem ekkert hafa sinnt eftirlitsskyldum sínum gagnvart bæði Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fram til ársins 1967. Skýrslan er mikilvæg staðfesting á staðreyndum sem áttu sér stað í skjóli borgaryfirvalda og því tekur öldungaráð heilshugar undir ályktun borgarstjórnar frá 17. október s.l. og biður þau börn sem vistuð voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og fjölskyldur þeirra innilegrar afsökunar á illri meðferð, vanrækslu og því óréttlæti sem þau urðu fyrir og sem lýst er í skýrslu vöggustofunefndar. Öldungaráð telur efni skýrslunnar gefa fullt tilefni til að fram fari frekari rannsókn á vistheimilum sem rekin voru undir eftirliti Reykjavíkurborgar eftir árið 1973 og styður þær tillögur sem lagðar eru fram hvað varðar sanngirnissbætur og geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu við þau sem þess þurfa og óska eftir.